
Spessi á fullum tanki



Spessi: „Vil sýna þrjátíu ár í einni ljósmynd!" DV-mynd Einar Ól.

„Hvernig á að mynda þig fyrir þetta spjall?" spyr umsjónarmaður Spessa ljósmyndara þar sem hann stendur, eilítið svefdrukkinn að sjá, og horfir yfir myndir sínar af íslenskum bensínstöðvum sem verið er að hengja upp að Kjarvalsstöðum. „Svona," segir Spessi og stillir sér upp eins og myndastytta og horfir þráðbeint fram fyrir sig. Alveg óvart eru þær líka svona, bensínstöðvarnar sem hann hefur verið að mynda á ferðum sínum um landið; ótilhafðar, framsæjar, grafkyrrar, syfjulegar, jafnvel eilítið umkomulausar að sjá.

En af hverju bensínstöðvar?

„Sko, ég var að keyra um í Þýskalandi og var dálítið að stúdera bensínstöðvarnar þar. Þá skynjaði ég hve bensínstöðvarnar heima eru skemmtilega „íslenskar". Fyrir utan það hvað mér finnast þær fallegar. Það er allt annað að sjá þær en stöðvarnar í Þýskalandi. Bensínstöðvarnar á Íslandi eru einhvern veginn óhannaðar, þær virðast vaxa eins og af sjálfu sér og síðan er ekkert verið að flikka neitt mikið upp á þær. Þær fá að drabbast niður í friði. Þannig varðveita þær stundum í sér 30 ára sögu Íslands. Það fannst mér spennandi, að geta sýnt þessa sögu í einni ljósmynd."

En hvers vegna þessi mörgu tilbrigði um stefið?

„Finnst þér myndirnar of margar?" svarar Spessi. Og er verulega áhyggjufullur á svipinn. „Ég tók raunar einar 200 myndir af bensínstöðvum. Mig langaði að kortleggja þær gjörvallar, rétt eins og Kári Stefánsson er að kortleggja genin. Það var konseptið. Ég hefði ekki getað gert það sama úti í Þýskalandi. Svo valdi ég úr þessar 30–40 sem við sjáum hér. Það gefur auga leið að ein eða tvær myndir hefðu ekki haft sömu áhrif. Þetta er eins og í músíkinni; það þarf fleiri en tvær eða þrjár nótur til að tónverk gangi upp."


Jafnt á nóttu sem degi

Nú er Spessi þekktastur fyrir svart/hvítar ljósmyndir sínar. Hvers vegna fór hann að mynda þessar bensínstöðvar í litum?

„Mér fannst það bara hæfa þeim. Svart/hvíta ljósmyndin er orðin svo klassísk; hún upphefur öll viðfangsefni og gerir þau tímalaus. Þú veist að virðulegustu mannamyndirnar eru alltaf svart/hvítar. Litljósmyndin staðsetur mótífin kyrfilega í tíma, hún segir að svona hafi þessi bensíndæla litið út, akkúrat á hádegi þennan ákveðna dag í ágúst 1998. Ég myndaði þær nákvæmlega eins og ég rakst á þær, jafnt í rigningu sem sól, á nóttu sem degi. Það er lóðið. Það var útlit þeirra á tilteknu augnabliki sem ég var að dókúmentera og ekkert annað."

„Nú talar þú um dókumentasjón, en ert að fara að sýna á listasafni," segir umsjónarmaður. „Hverju mundirðu svara þeim sem spyrja þig um hið „listræna" í ljósmyndum þínum?"

„Fólk heldur einhvern veginn að ljósmynd sé ekki listræn – „artí" – fyrr en búið er að taka hana út úr fókus, láta trukk keyra yfir hana eða hræra í henni með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst að hið listræna, hvað sem það nú er, búi í dókúmentasjóninni. Það er sterkasta elementið í ljósmyndinni. Allt veltur þetta á ásetningi þess sem tekur myndirnar. Ég tel mig vera myndlistarmann vegna þess að ég vinn verkefni út frá ákveðnum listrænum forsendum. Iðnaðarljósmyndari sem tekur nákvæmlega eins myndir af bensínstöðvum fyrir Olíufélagið eða Skeljung vinnur út frá allt öðrum forsendum. Hans myndir geta verið alveg jafn „góðar" eða „vondar" og mínar. Forsendur okkar eru bara ólíkar. Það er allt og sumt."



Sýning Spessa, sem nefnist einfaldlega *Bensín*, hefst að Kjarvalsstöðum í kvöld kl. 20, en í tilefni hennar kemur út stór bók með ljósmyndum hans, sem væntanlega gefst tækifæri til að segja frá hér á síðunni innan tíðar.

-AI

Töfrar tangódansins



Koma Íslendingar enn saman á myrkum vetrarkvöldum til að dansa ástríðuheitan tangó? Það er að minnsta kosti ekki langt síðan það var í tísku. Og þeir sem komið hafa til Finnlands, vita að þar hafa menn þróað alveg sérstakt finnskt, það er hægferðugt og tregablandið, afbrigði af þessum dansi, sem sumir hafa líkt við forleik í ástum. Það er, ef hann er vel dansaður. Annars segja mér sérfræðingar að tangó sé afskaplega misskilinn dans eða „ritúal". Til skamms tíma vissi undirritaður ekki að til er tvenns konar tangó. Annars vegar er um að ræða samkvæmisdansinn, *salon tango*, sem dansaður er á sömu forsendum og aðrir slíkir dansar, til dæmis polkar, rælar og valsar, þar sem sérhver dansari leggur frjálslega út af tónlistinni og freistar þess um leið að stilla sig inn á óskir dansfélaga síns. Hins vegar er sviðstangó, sýningaratriði sérstaklega samin til opinbers flutnings.

Um nokkurt skeið hefur undirritaður verið með undir höndum ýmiss konar tangótónlist á geislaplötum, sem til samans gefa ágæta hugmynd um mikilvægi hennar fyrir tónlistarmenn nútímans. Tangó er umfram allt argentísk uppfinning; spratt upp úr fátækrahverfum Buenos Aires-borgar um miðja 19. öld. Það var ekki fyrr en upp úr seinni heimstyrjöld að dansinn komst í tísku meðal argentískra broddborgara; og það má fyrst og fremst þakka harmoníkkuleikaranum og tónskáldinu Astor Piazzola. Hann tók til brúks fremur frumstæða alþýðutónlistina sem notuð hafði verið til undirleiks dansinum og þróaði upp úr henni eins konar kammertónlist, sem bæði hentaði til dans og sjálfstæðs flutnings. Nú er varla tekin upp geislaplata með tangótónlist að tónsmíðir Piazzolas komi ekki við sögu. Plata sellóleikarans Yo Yo Ma, *The Soul of the Tango* (Sony), er til dæmis ein allsherjar hylling til hins argentínska snillings. Það er ekki einasta að Ma noti sömu tónlistarmenn og léku með Piazzola (sem lést 1992), heldur leikur hann „með" honum, það er hann spilar inn á ókláraðar upptökur með bandóneónleik Piazzolas. Platan er einstaklega vel heppnuð; hentar bæði til dansa og gaumgæfilegrar hlustunar.

Af gengnum tangósnillingum

Vilji menn fá keiminn af „upprunalegum" tangóstíl Piazzollas, ættu menn hins vegar að kynna sér plötuna *Astor Piazzola – Tango* (harmonia mundi), þar sem argentíski tónlistarmaðurinn Pablo Mainetti leikur konsert hans fyrir bandóneón og hljómsveit. Þessi tónlist er út af fyrir sig afbragð, uppfull af tregablöndnum gáska og ljóðrænni innlifun.

Einhverjir kannast við sérkennilega kvikmynd sem breski leikstjórinn Sally Potter gerði um tangó og nefnist *The Tango Lesson*. Hún segir frá breskri konu, nefnilega Sally sjálfri, sem fer til Buenos Aires til að búa til kvikmynd um tangó, og verður svo gagntekinn af dansinum að hún vill ólm læra hann. Í staðinn býðst hún til að gera dansfélaga sinn Pablo frægan með kvikmynd sinni. Geislaplata (Sony) var gefin út í tengslum við kvikmyndina, og er auðvitað sneisafull af tangó. Helsti kostur plötunnar er að á henni er að finna gamlar upptökur með gengnum tangósnillingum, eins og Carlos Gardel og Piazzola sjálfum, en einnig ýmsan tangósamsetning eftir Potter sjálfa, sem ekki er eins áheyrilegur.


Loks langar mig að nefna spánnýja geislaplötu frá sænsku útgáfunni Caprice, sem nefnist *Café 1930*. Á henni eru upptökur með flautuleikaranum Tobias Carron og gítarleikaranum Per Skareng, ekki aðeins tangótónlist (Piazzola, Dyens og Pujol), heldur suður-amerísk og „íberísk" tónlist af ýmsu tagi, til dæmis eftir Rodrigo og Villa Lobos. Hér er um að ræða einstaklega smekklegar og vel leiknar útsetningar sem undirritaður þreytist ekki á að hlusta á.

Tónlist/geislaplötur

Aðalsteinn Ingólfsson

Safnahúsið í Borgarnesi til fyrirmyndar

Oft kvarta myndlistarmenn yfir kostnaðinum sem fylgir því að halda sýningar, ekki síst þegar markaðurinn er í lamasessi eins og nú. Það er ekki síst kostnaðurinn sem fælir marga listamenn frá því að sýna verk sín úti á landi, því þar er hagnaraðvonin jafnvel enn minni en á höfuðborgarsvæðinu. Safnahúsið í Borgarnesi verðskuldar því sérstakt hrós fyrir þjónustuna sem það veitir listamönnum sem sýna á vegum þess. Þeir fá greidd ýmis útgjöld sem fylgja sýningarhaldinu, auk þess sem Safnahúsið sér um flutning á verkum, prentun og dreifingu á boðskorti, tölvuprentaða sýningarskrá, veitingar á opnun og yfirsetu á sýningunni en þessir liðir hafa reynst mörgum listamanni þungir í skauti. Guðmundur Guðmarsson, forstöðumaður Safnahússins, segir að búið sé að skipuleggja sýningar í húsinu fram á haustið; um páskana sýni Guðmundur Sigurðsson málverk, en þar næst sé á dagskrá sýning frá Myndlista-og handíðaskóla Íslands. Í júní sýnir Kristján Jónsson málverk í Safnahúsinu en í kjölfarið fylgir sýning á grafík eftir Pál Heimi og loks sýning á ljósmyndum. Fullyrti Guðmundur að heimsóknir Reykvíkinga í Safnahúsið hefðu aukist til muna eftir að Hvalfjarðargöngin voru opnuð.



Þýsk hrifning yfir íslenskum skáldsögum

Ekkert lát er á velgengni íslenskra bókmennta úti í hinni stóru Evrópu. Áður hefur verið minnst á viðbrögð ítalskra og spænskra gagnrýnenda við bók Einars Más Guðmundssonar, *Englum alheimsins*, en nú berast tíðindi af hrifningu þýskra gagnrýnenda yfir *Svaninum* eftir Guðberg Bergsson og *Meðan nóttin líður* eftir Fríðu Á. Sigurðardóttur. Í bókmenntaþætti í norðurþýska útvarpinu kallaði Andreas Wang *Svaninn* „bókmenntalega sálarferð fulla af undrum og ævintýrum". Í bókmenntaþætti á Bayerischer Rundfunk er *Svanurinn* sögð „meinháðsk og barnaleg í senn og nýtir sér sagnahefð Íslands sem táknmynd fyrir samband sitt við heiminn....stórfengleg og leyndardómsfull bók". Í Berliner Morgenpost segir gagnrýnandinn Jürgen Israel um *Svaninn*: „Blandan af kaldhæðni og einfeldni, þunglyndi og fjarlægð og enn fremur þéttleiki andrúmsloftsins skapa stemningu sem á engan sinn líka og upphefja þessa sögu og gera hana að listaverki." Um *Meðan nóttin líður* segir gagnrýnandinn Erika Dingeldey: „Fríða Á. Sigurðardóttir vekur sex kynslóðir íslenskra kvenna til lífsins í þessari fjölskyldusögu. Og hún gerir það með því skrautleysi sem okkur virðist hæfa þessu landi sem er okkur svo fjarlægt og framandi. Tungutak höfundarins er þurrlegt, hart og kalt, já, næstum grimmdarlegt, en fullt af forneskjulegri fegurð og óvenjulegum krafti." Í útvarpsþætti í Bayerische Rundfunk fjallaði Ruth Fühner síðan um bók Fríðu og sagði m.a. „...þar hvíslar allt, ólgar og hvín eins og í stormbyljum...Setningarnar í sögu Fríðu Á. Sigurðardóttur eru oft frumlagslausar og mynda slíka hringiðu að lesandinn stendur beinlínis á öndinni." Og kalla Þjóðverjar þó ekki allt ömmu sína þegar setningaskipan er annars vegar.

Bókin um Benóný

Þrír ágætir skákmenn, þeir Bragi Halldórsson, Helgi Ólafsson og Jón Torfason hafa gefið út bók um Benóný Benediktsson sem lengi var í fremstu röð íslenskra skákmanna. Benóný var aukinheldur sérstæður persónuleiki og varð nánast þjóðsagnapersóna í lifanda lífi, sífelld uppspretta eftirherma og hvers kyns gamanmála. Í bókinni segja ýmsir samferðamenn Benónýs frá kynnum sínum af honum, auk þess sem fjallað er um skákferil hans og kveðskap, en Benóný var ágætlega hagmæltur. Um ákveðinn blaðamann hafði hann eftirfarandi að segja: *Lygi og sannleik saman blandar,/svívirðing og hrósi um leið,/efni og málfar illa vandar/anar kjafta-gönuskeið.*



Umsjón

Aðalsteinn Ingólfsson